

292. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 30. nóvember 2017 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Kristjana Hermannsdóttir
Júníana Björg Óttarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundin. Óskaði hún eftir því að fá að taka inn með afbrigðum sem 10. lið forkaupsrétt að Aski SH-165, og sem 11. lið umsóknir um hundaleyfi frá Snorra Rafnssyni. Var það samþykkt og að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) **Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 21. nóvember 2017, varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2017/2018.**

Bæjarráð samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rífi og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 3. júlí 2017, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2017/2018.

Þó óskar bæjarráð Snæfellsbæjar eftir því að gerðar verði þrjár breytingar á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ. Þær eru eftirfarandi:

- 1) Í 1.gr., C lið breytist orðalagið úr „í viðkomandi byggðarlagi“ í „í viðkomandi sveitarfélagi“.
- 2) Í 4.gr., 1.mgr. (6. lína), breytist orðalagið úr „í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ í „í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags“.
- 3) Í 6.gr., 1.mgr. (1. lína), breytist orðalagið úr „innan hlutaðeigandi byggðarlaga“ í „innan hlutaðeigandi sveitarfélaga“.

Rök bæjarráðs Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknar fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

2) **Bréf frá Veronicu og Gunnari á Brimilsvöllum, dags. 23. nóvember 2017, varðandi kostnað við færslu á reiðvegi.**

Bæjarráð samþykkti að kanna hvernig hægt væri að lágmarka kostnað við verkið og hvernig væri mögulegt að fjármagna það, m.a. með því að leita samstarfs við Vegagerðina.

3) **Umsókn um hundahald: Gunnsteinn Sigurðsson sækir um leyfi til að halda hundinn Tobba.** Umsóknin samþykkt samhljóða.

4) **Umsókn um hundahald: Sveinbjörg Eyvindsdóttir sækur um leyfi til að halda hundinn Dimmu.**

Umsóknin samþykkt samhljóða.


5) **Bréf frá skólastjóra GSNB, dags. 23. nóvember 2017, varðandi umsókn um aukafjárveitingu vegna ofnaskipta.**


Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita aukafjárveitingu upp á kr. 850.000.- til þessa verkefnis. Upphæðin verður tekin af liðnum „Ófyrirséð“.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including what appears to be 'AA', 'J20', and '19'.


- 6) **Bréf frá sóknarnefnd Ólafsvíkirkirkju, dags. 21. nóvember 2017, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi vegna 50 ára afmælis kirkjunnar.**
Þetta erindi fellur því miður ekki undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu í félagsheimilum bæjarins. Bæjarráð samþykkti því samhljóða að hafna erindinu.
- 7) **Bréf frá Snorrasjóði, dags. 20. nóvember 2017, varðandi ósk um stuðning við Snorraverkefnið 2018.**
Bæjarráð getur því miður ekki orðið við erindinu.
- 8) **Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar árið 2018.**
Farið var yfir fjárhagsáætlun 2018, en litlar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri umræðu í bæjarstjórn.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 9) **Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar árin 2019-2021.**
Bæjarráð vísaði þriggja ára áætluninni til samþykktar í bæjarstjórn.
- 10) **Kaupsamningur vegna forkaupsréttar Snæfellsbæjar að Aski SH-165, skrn. 1811.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti sínum að bátnum Aski SH-165, skrn. 1811.
- 11) **Umsóknir um hundahald frá Snorra Rafnssyni.**
Bæjarráð samþykkti umsóknirnar samhljóða.
- 12) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
 - a) Rætt um fjármál Snæfellsbæjar.
 - b) Bæjarstjóri fór yfir ljósleiðaramálin.
 - c) Bæjarstjóri fór yfir uppgjör á lífeyrisskuldbindingum.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:48


Kristjana Hermannsdóttir


Jónína Björg Óttarsdóttir


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari